

Ágripun gíngustígs
í vor.
-Ísla



Þjónustustefna Þingeyjarsveitar

2025





Þjónustustefna Þingeyjarsveitar

Þjónustustefna sveitarfélagsins er sett á grunni 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í júní 2021 var lögfest ákvæði í fyrrnefndum sveitarstjórnarlögum að frumkvæði Byggðastofnunar sem kveður á um að sveitarstjórn skuli móta stefnu sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum.

Greinin er svo hljóðandi:

[130. gr. a. Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags. Samhliða fjárhagsáætlun, sbr. 62. gr., skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags. Við gerð og mótnun stefnunnar skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins. Málsmeðferð við afgreiðslu stefnunnar skal að öðru leyti vera skv. 3. mgr. 62. gr.]

Í greinargerð frumvarpsins segir eftirfarandi um greinina:

Hér er lagt til það nýmæli að sveitarstjórn beri að setja sér stefnu um það hvaða þjónustustigi sveitarfélagið ætlar að halda uppi í byggðum og byggðarlögum utan stærstu byggðakjarna viðkomandi sveitarfélags og upplýsa íbúa um stefnuna.

Ljóst er að með fækkun sveitarfélaga munu jafnframt myndast víðáttumikil sveitarfélög, mögulega með fáum og stórum byggðakjörnum en viðkvæmari byggð á öðrum svæðum innan sveitarfélaganna. Því er mikilvægara en áður að stefna sveitarstjórnar varðandi þjónustustig á slíkum svæðum verði skýr og komi til sérstakrar umræðu og er því lögð til sú skylda á sveitarstjórn að mynda og móta slíka stefnu eftir sérstakt samráð við íbúa sveitarfélagsins, t.d. með opnu umsagnarferli. Ekki er getið sérstaklega um þá þjónustu sem beri að greina frá í stefnunni en gert er ráð fyrir að það verði á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlag fyrir sig og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst veita á viðkomandi svæðum, t.d. skólahalds, ferða skólabíla, opnunartíma sundlauga, reksturs félagsheimila o.s.frv. Þá er almennt gert ráð fyrir að sveitarfélag myndi ávallt stefnu um öll þau byggðasvæði sem eru utan stærstu byggðakjarna. Það er hins vegar lagt í hendur sveitarfélaga að ákvarða hvort og hvernig svæði verði skipt frekar upp með tilliti til þjónustustigs, svo sem með því að flokka svæði eftir ákveðinni fjarlægð frá byggðakjarna eða mið við eldri skipan sveitarfélaga eða hreppa.

Í 2. mgr. er lagt til að sama fyrirkomulag verði við afgreiðslu á þjónustustefnu sveitarfélagsins skv. 1. mgr. og er við afgreiðslu fjárhagsáætlunar skv. 62. gr. laganna enda ljóst að slíkar áætlanir haldast í hendur.

Við gerð þjónustustefnu sveitarfélaga þarf að hafa í huga lögskyld og lögheimil verkefni samkvæmt yfirliti Stjórnarráðsins sem gefið er út með vísan til 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Verkefni eru lögskyld ef sveitarfélögum er skylt að rækja þau. Lögheimil felst í því að sveitarfélag hefur svigrúm til þess að ákveða hvort verkefninu er sinnt, en ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Einnig þarf að hafa í huga verkefni sem sveitarfélög velja að setja á dagskrá til að gera sveitarfélagið eftirsóknarverðan kost sem eru þá valkvæð verkefni.



Almennt um þjónustu sveitarfélagsins

Þingeyjarsveit leggur áherslu á að íbúar upplifi sveitarfélagið sem traustan og ábyrgðarfullan þjónustuaðila við mannlíf og atvinnulíf á svæðinu. Lögð er áhersla á að þjónusta sveitarfélagsins, eftir því sem lög og reglur heimila, verði löguð að þörfum íbúa og fyrirtækja á grundvelli jafnræðissjónarmiða. Það er sameiginlegt markmið starfsmanna og stjórnenda sveitarfélagsins að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Slíkt samstarf byggist á trausti og virðingu þar sem hver og einn ber ábyrgð á eigin viðhorfum og hugarfari. Þingeyjarsveit er þjónustuaðili sem veitir íbúum, fyrirtækjum og gestum þjónustu með einum eða öðrum hætti. Allt starfsfólk Þingeyjarsveitar á að vera samstíga í að veita góða þjónustu og notendur þjónustunnar ættu að vita hvers þau geta vænst þegar þau sækja þjónustuna. Lögð er áhersla á að þjónustan sé aðgengileg og taki mið af notanda hverju sinni. Þjónustan er sérhæfð fagkunnátta sem fléttast inn í alla starfsemi sveitarfélagsins. Alla þjónustu skal veita sem næst notandanum, þar sem viðkomandi er hverju sinni. Leitast verður við að veita þjónustuna á staðnum, í síma, tölvupóstsamskiptum eða í gegnum fjarfundi. Starfsmenn skulu sinna starfi sínu af samvirkusemi og sýna kurteisi, lipurð og réttisýni og starfa fyrst og fremst í þágu íbúa sveitarfélagsins sem leggur þeim þá skyldu á herðar að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

Skipulag stefnunnar

Stefnunni er skipt eftir málaflokkum og þar undir hvernig þeirri þjónustu er háttað í byggðum og byggðarlögum sveitarfélagsins. Í stefnu þessari er Þingeyjarsveit skipt í eftirfarandi svæði;

- Mývatnssveit
- Þingeyjarsveit utan Mývatnssveitar

Stefnan er sett fram þannig að fyrst er fjallað um lögskyld verkefni sveitarfélagsins og hvernig þeim er háttað á hvoru þjónustusvæði. Því næst er farið yfir með sama hætti lögheimil verkefni og loks valkvæð verkefni sem sveitarfélagið veitir þjónustu. Hafa þarf í huga að í mörgum tilfellum er þjónustunni eins háttað fyrir allt sveitarfélagið í heild.



Lögskyld verkefni

Félagsþjónusta

Aðstoð við erlenda ríkisborgara

Verkefnastjóri á fjölskyldusviði er fjölmenningarfulltrúi Þingeyjarsveitar og hefur viðveru í Þingey - stjórnarsýsluhúsi á Laugum. Viðkomandi hefur bæði staðbundna viðveru eftir þörfum sem og fjarþjónustu í Mývatnssveit. Fjölmenningarfulltrúi óskar eftir aðstoð félagsþjónustu ef við á. Fjölmenningarfulltrúi hefur samstarf við skóla og skólaþjónustu varðandi móttöku nýrra nemenda eftir þörfum og óskum hvers skóla í sveitarfélaginu fyrir sig.

Barnaverndarþjónusta

Þingeyjarsveit er með samning við Akureyrarbæ um barnaverndarþjónustu og fer Akureyrarbær því með verkefni barnaverndarþjónustu skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem ekki eru falin öðrum og sér um fullnaðarafgreiðslu þeirra mála skv. 3. mgr. 12. gr. sömu laga. Þjónustusvæði barnaverndarþjónustu Akureyrarbæjar er Norðurland eystra, frá Fjallabyggð til Langanesbyggðar. Verkefni barnaverndar eru meðal annars vinnsla mála skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002, ráðgjöf í tengslum við fjölskyldur og barnavernd, umsagnir í umgengnis- og ættleiðingarmálum, úttektir á fósturfjölskyldum og stuðningsfjölskyldum, sumardvalir barna og forvarnastarf.

Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð

Þingeyjarsveit er með samning við Norðurþing um félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð. Félagsráðgjafar eru með starfstöð í Stjórnarsýsluhúsinu á Húsavík. Íbúar Þingeyjarsveitar geta pantað viðtal þar eða óskað eftir að fá viðtöl og ráðgjöf í gegnum fjarþjónustu.

Málefni aldraðra

Í Þingeyjarsveit er virkt félagsstarf eldri borgara sem unnið er í samstarfi við fjölskyldusvið og grunnskólana. Félagsstarfið fer fram í skólum sveitarfélagsins vikulega og þá er hægt að kaupa mat í mötuneytum skólanna. Heimaþjónusta stendur til boða, Þingeyjarsveit er með samning við Norðurþing um mat á þörf fyrir heimaþjónustu. Þingeyjarsveit er ekki með reglur um heimsendan mat en reynt er að verða við beiðnum um slíkt ef kostur er.

Málefni fatlaðs fólks

Þingeyjarsveit er með samning við Norðurþing um málefni fatlaðra. Ráðgjafar eru með starfstöð í Stjórnarsýsluhúsinu á Húsavík. Íbúar Þingeyjarsveitar geta pantað viðtal þar eða óskað eftir að fá viðtöl og ráðgjöf í gegnum fjarþjónustu. Í boði er hæfing, frístund, dagvist, búsetuúrræði og skammtímadvöl.

Stuðningsþjónusta

Þingeyjarsveit er með samning við Norðurþing um félagsþjónustu, þ.m.t. þjónustu við fatlað fólk og öryrkja. Félagsráðgjafar eru með starfstöð í Stjórnarsýsluhúsinu á Húsavík. Íbúar Þingeyjarsveitar geta pantað viðtal þar eða óskað eftir að fá viðtöl og ráðgjöf í gegnum fjarþjónustu. Þörfin er metin eftir reglum Norðurþings og úrræðin eru ýmiskonar, m.a. sálfræðiviðtöl, iðjubjálfun og heimaþjónusta



Túlkabjónusta

Ekki er samningur um túlkabjónustu en tengiliðir eru til staðar sem hægt er að kalla til eftir þörfum, ýmist fyrir stað- eða fjarþjónustu.

Upplýsingagjöf vegna barna

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs vinnur miðlægt að málaflokknum fyrir sveitarfélagið en er með starfsstöð í Þingey - stjórnsýsluhúsi á Laugum. Unnið er samkvæmt barnalögum nr. 76/2003.

Vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda

Þingeyjarsveit er með samning við Norðurþing um félagslega ráðgjöf við einstaklinga með fíknivanda. Verkefnastjóri æskulýðs-, tómstunda- og menningar er með starfsstöð í Þingey - stjórnsýsluhúsi á Laugum og vinnur að forvörnum í samvinnu við skóla og félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins.

Sambætting þjónustu í þágu barna

Þingeyjarsveit er með samning við Norðurþing um sambættingu þjónustu í þágu barna, málstjóri Þingeyjarsveitar er í félagsþjónustunni á Húsavík. Miðstöð sambættingarþjónustu er „Keldan“. Að Keldunni kemur margt fagfólk, s.s. kennarar, heilbrigðisstarfsfólk og annað fagfólk eftir eðli hvers máls. Verkefnastjóri skólaþjónustu Þingeyjarsveitar sinnir hlutverki tengiliðar sveitarfélagsins í sambættum málum og er í reglulegu sambandi við tengiliði innan skólanna.

Húsnæðismál

Eignaskiptayfirlýsingar

Byggingarfulltrúi starfar hjá sveitarfélaginu. Hefur hann starfsstöð í Þingey - stjórnsýsluhúsi á Laugum. Einnig hefur hann reglulega viðveru í Gíg í Mývatnssveit ásamt því að bjóða upp á fjarþjónustu. Byggingarfulltrúi sinnir m.a. eignaskiptayfirlýsingum.

Fasteignamat, skráning (t.a.m. eignaskiptayfirlýsingar) og öflun grunnupplýsinga

Byggingarfulltrúi annast f.h. sveitarfélagsins skráningar fasteigna í fasteignaskrá. Byggingarfulltrúi hefur starfsstöð í Þingey - stjórnsýsluhúsi á Laugum. Einnig hefur hann reglulega viðveru í Gíg í Mývatnssveit ásamt því að bjóða upp á fjarþjónustu.

Þjónustusamningur er um starf skipulagsfulltrúa sem hefur starfsstöð í Gíg í Mývatnssveit ásamt því að bjóða upp á þjónustu í Þingey - stjórnsýsluhúsi og fjarþjónustu.

Húsnæðismál

Sveitarstjórn styðst við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins sem er endurskoðuð árlega. Sveitarfélagið reynir að koma til móts við þörf á félagslegu húsnæði og í undirbúningi er bygging tveggja íbúða í Reykjahlíð í samvinnu við Brák hses. sem falla undir félagslegt húsnæði. Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar hses. eiga fjórar íbúðir í almenna kerfinu, tvær á Laugum og tvær á Stórutjörnum. Auk þess á sveitafélagið allmargar íbúðir í Reykjahlíð, Hafraæk, Stórutjörnum og Laugum. Íbúar geta sótt um leiguhúsnæði á vef sveitarfélagsins.

Húsnæðisáætlanir

Í gildi er húsnæðisáætlun fyrir Þingeyjarsveit sem uppfærð er árlega m.t.t. breytinga og þróunar sem hafa orðið á forsendum hennar milli ára. Unnið er eftir reglugerð 1248/2018 - húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.



Sérstakur húsnæðisstuðningur

Er í boði fyrir þá sem þurfa og falla undir viðmið reglna sveitarfélagsins. Félagspjónusta Norðurþings, f.h. Þingeyjarsveitar, annast afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning, samkvæmt gildandi reglugerð Norðurþings, í samræmi við gildandi samning um samvinnu sveitarfélaganna um velferðarþjónustu. Umsókn til Félagspjónustu Norðurþings skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði sem nálgast má að heimasíðu Norðurþings, einnig er hægt að fá ráðgjöf hjá sviðsstjóra fjölskyldusviðs ef þurfa þykir.

Viðhald fasteigna

Eignasjóður Þingeyjarsveitar sér um viðhald fasteigna sem eru í eigu sveitarfélagsins. Samhliða fjárhagsáætlun hvers árs er lagður fram forgangslisti viðhalds eigna í öllu sveitarfélaginu sem byggir á úttekt umsjónarmanns fasteigna og beiðnum stjórnenda hverju sinni.

Fræðslu og menningarmál

Almenningsbókasöfn

Bókasöfn í sveitarfélaginu eru staðsett í Stjórutjarnaskóla, Þingeyjarskóla, á Laugum og í Skjólbrekku.

Grunnskólar

Þrjú samreknir leik-, grunn- og tónlistarskólar eru í sveitarfélaginu; Stjórutjarnaskóli, Þingeyjarskóli og Reykjahlíðarskóli. Í öllum skólunum er frístundaúrræði eða lengd viðvera, mötuneyti og skólaakstur. Ekið er með nemendum Þingeyjarskóla og Reykjahlíðarskóla í íþróttir og sund á Laugum vikulega.

Leikskólar

Leikskóladeildirnar eru fjórar; Tjarnaskjól í Stjórutjarnaskóla, Barnaborg og Krílabær í Þingeyjarskóla og Ylur í Reykjahlíðarskóla.

Ráðning kennara, skólastjóra o.fl.

Öll ótímabundin störf eru auglýst og er ráðning skólastjóra í höndum sveitarstjórnar en ráðning annars starfsfólks í höndum skólastjóra í samstarfi við skrifstofu Þingeyjarsveitar.

Tónlistarskólar

Þrjár deildir tónlistarskóla eru í sveitarfélaginu, ein í hverjum grunnskóla. Sem stendur er nemendum Reykjahlíðarskóla kennt í fjarkennslu.

Skólaþjónusta

Skólaþjónusta er rekin í Þingeyjarsveit eins og kveðið er á um í 9. kafla laga um grunnskóla 91/2008 og skv. reglugerð 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga. Skólaþjónustan þjónustar grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu skv. tilvísunum hverju sinni. Skólaþjónustan hefur yfir að ráða verkefnastjóra sem sinnir sérkennslu og sálfræðingi. Samningar eru við sjálfstætt starfandi talmeinafræðing og sálfræðistofuna „Heilsa og sál“ á Akureyri.



Öryggis- og löggæslumál

Almannavarnir (að hluta)

Sveitarfélagið fer eftir lögum um almannavarnir nr. 82/2008. Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar situr í almannavarnanefnd í umboði lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Brunavarnir og brunamál

Slökkvilið Þingeyjarsveitar er með tvær starfsstöðvar á Laugum og í Reykjahlíð. Aðalstarfsstöð Slökkviliðs Þingeyjarsveitar er á Laugum. Slökkviliðsstjóri er í 100% starfi og sinnir hann eldvarnaeftirliti samkvæmt lögum þar um, einnig er varaslökkviliðsstjóri í 20% starfi.

Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald o.fl.

Eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar

Byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi sjá um eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingum í sveitarfélaginu.

Meindýraeyðing

Sveitarfélagið ræður meindýraeyði í vinnu við dýraeftirlit og eyðingu fyrir allt sveitarfélagið. Auk þess eru verktakar sem sinna vargeyðingu skv. samningi við sveitarfélagið.

Fjallskil

Í Þingeyjarsveit starfa Fjallskiladeild Mývatnssveitar, Vestur-Bárðdæladeild, Austur-Bárðdæladeild, Fnjóskdæladeild, Kinnardeild, Reykdæladeild og Aðaldæladeild. Starfa þær samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir svæði austan Vaðlaheiðar að mörkum Langanesbyggðar og Vopnafjarðahrepps nr. 618/2010.

Framkvæmd umhverfismats

Þingeyjarsveit er með samning við Eflu um starf skipulagsfulltrúa. Viðkomandi sinnir eftirliti með að fullnægjandi umhverfismat sé unnið í tengslum við leyfisveitingar vegna framkvæmda í sveitarfélaginu.

Gatnagerð

Umhverfis- og framkvæmdasvið ber ábyrgð á gatnagerð í sveitarfélaginu í samstarfi við skipulagsfulltrúa. Er þar farið eftir framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins hverju sinni. Unnið er að gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir sveitarfélagið.

Heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir

Sveitarfélagið heyrir undir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og á á fulltrúa í heilbrigðisnefnd.

Landgræðsla

Sveitarstjórn hefur eftirlit með ástandi lands samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018. Skipulagsnefnd sinnir hlutverki sveitarfélagsins skv. fyrrgreindum lögum.

Nafngiftir nýrra náttúruverndarfyrirbæra

Sveitarstjórn eða skipulagsnefnd, eftir því sem við á, leggur fram tillögur um nafngiftir nýrra náttúruverndarfyrirbæra.



Skipulagsmál

Skipulagsnefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar að nýjum deiliskipulögum og endurskoðun eldri skipulaga. Skipulags- og byggingarfulltrúi vinna að framgangi skipulags til samræmis við ákvæði skipulagslaga.

Söfnun og meðferð úrgangs

Sveitarfélagið sinnir meðhöndlun úrgangs í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélagið er með samning við Terra ehf. varðandi hirðu, söfnun, meðhöndlun og förgun úrgangs í sveitarfélaginu.

Tilkynningaskylda um fornleifar í hættu eða spjöll á friðlýstu svæði

Byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar sinnir m.a. tilkynningaskyldu um fornleifar í hættu eða spjöll á friðlýstu húsum fyrir sveitarfélagið.

Loftslagsstefna sveitarfélaga

Hafinn er undirbúningur að gerð loftslagsstefnu fyrir Þingeyjarsveit og fellur vinna við hana undir umhverfisnefnd og sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs.

Ýmis verkefni á sviði náttúruverndar

Umhverfisnefnd sinnir náttúruverndarmálum samkv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. ásamt öðrum verkefnum á sviði umhverfis- og náttúruverndar í sveitarfélaginu.

Kosningar

Framlög til stjórnmalasamtaka

Er á ábyrgð fjármála- og stjórnsýslusviðs Þingeyjarsveitar. Greitt samkvæmt 5. gr. laga um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006. Stjórnmalasamtök sækja um styrkinn til sveitarfélagsins.

Alþingis-, forseta- og sveitarstjórnarkosningar

Framkvæmd kosninga í Þingeyjarsveit fer fram samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021. Á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar er tilnefnd yfirkjörstjórn og í framhaldi af því tilnefnt í undirkjörstjórnir sem eru tvær í sveitarfélaginu. Vikurnar fyrir kosningar býður sveitarfélagið, í samstarfi við sýslumanninn á Norðurlandi eystra, upp á utankjörfundaratkvæðagreiðslu á Laugum og í Reykjahlíð.

Samgöngur

Lagning og viðhald vega og stíga

Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs í umboði skipulagsnefnda hefur umsjón með lagningu og viðhaldi vega og stíga í sveitarfélaginu. Unnið er eftir gildandi framkvæmdaáætlun hverju sinni. Unnið er að gerð Umferðaröryggisáætlunar sem unnið verður eftir.



Vatns- og fráveitur

Fráveitur

Sveitarfélagið rekur fráveitu kerfi sveitarfélagsins innan allra þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu og sér um losun rotþróa innan og utan þéttbýlis.

Vatnsveitur

Sveitarfélagið rekur þrjár vatnsveitur innan þéttbýlis í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið tekur einnig þátt í rekstri einnar í viðbót í samstarfi við aðra eigendur.

Íþrótt- og æskulýðsmál

Frístundaheimili

Frístundaúrræði og lengd viðvera er í grunnskólum sveitarfélagsins.

Íþróttamálefni, bygging íþróttahús o.fl.

Fjölnota íþróttahús eru í Reykjahlíð, á Laugum, í Ýdölum og í Stórutjarnaskóla. Sundlaugar eru á Laugum og við Stórutjarnaskóla. Sparkvöllur er í Reykjahlíð og frjálsíþróttavöllur á Laugum. Við Þingeyjarskóla er einnig malarvöllur. Fótboltavöllur er í Reykjahlíð. Víða í sveitarfélaginu eru gamlir grasvellir í mismikilli notkun, m.a. Geislavöllur við Ýdali, við Ljósvefningabúð og á Völlum í Bárðardal. Ungmennafélagið Bjarni í Fnjóskadal, á og rekur Bjarmavöll sem er frjálsíþrótt og fótboltavöllur sem notaður er yfir sumartímann.

Þjónusta við unglinga

Félagsmiðstöð er starfrækt fyrir 10-16 ára börn í Stórutjarnaskóla, Ýdölum og í íþróttamiðstöðinni í Reykjahlíð. Vinnuskóli er starfræktur yfir sumartímann.

Æskulýðsmál

Styrktar- og samstarfssamningar eru við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsstarfs.

Heilbrigðismál

Bygging heilsugæslu og sjúkrastofnana

Sveitarfélagið á eignarhlut í Dvalarheimili aldraðra á Húsavík ásamt Norðurþingi og Tjörneshreppi. Fyrirhugað er að byggja nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík í samstarfi við sveitarfélögin og ríkið.

Ýmsar aðrar skyldur

Húsmæðraorlof

Þingeyjarsveit greiðir í húsmæðraorlofssjóð fyrir konur í sveitarfélaginu, samkvæmt lögum um orlof húsmæðra nr. 53/1972.

Jafnréttismál

Byggðarráð ber ábyrgð á jafnréttismálum í Þingeyjarsveit og fer eftir jafnréttisáætlun sem er endurskoðuð reglulega.



Kirkjur og kirkjugarðar

Þingeyjarsveit sinnir skyldum við kirkjugarða og kirkjur samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og lög um kristnisjóð nr. 35/1970.

Umsögn um rekstrarleyfi

Sveitarstjórn og eftir aðstæðum byggðarráð gefur umsagnir fyrir rekstrarleyfi í Þingeyjarsveit að beiðni sýslumannsins á Norðurlandi eystra. Slökkvilið Þingeyjarsveitar veitir einnig umsagnir um brunavarnir vegna umsókna um rekstrarleyfi.

Útgáfa áfengissöluleyfa

Sveitarstjórn og eftir aðstæðum byggðarráð gefur umsagnir fyrir áfengissöluleyfi í Þingeyjarsveit að beiðni sýslumannsins á Norðurlandi eystra.

Stjórnsýsla sveitarfélaga

Álagning og innheimta opinberra gjalda

Þingeyjarsveit setur gjaldskrár ár hvert samhliða fjárhagsáætlun hvers árs. Gjaldskrár eru birtar á vefsíðu sveitarfélagsins og þær sem við á í B- deildum stjórnartíðinda. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs ber ábyrgð á því í umboði sveitarstjórnar að framfylgja álagningu og innheimtu. Álagning og innheimta er að mestu rafræn og hægt að fá aðstoð og upplýsingar hjá sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs í gegnum síma, tölvupóst eða með komu á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingey Laugum eða í Gíg Mývatnssveit. Sveitarfélagið er með samning við innheimtufyrirtæki.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga

Fjármála- og stjórnsýslusvið ber ábyrgð á skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Sveitarfélagið hefur persónuverndarfulltrúa á sínum vegum og unnið er eftir lögum um persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Starfsmannamál, kjarasamningar

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs ber ábyrgð á verklagi en yfirmenn eininga s.s. sviðstjórar og forstöðumenn bera ábyrgð á að ákvörðun um laun og kjör séu í samræmi við kjarasamning og jafnlaunaviðmið hverju sinni. Sveitarfélagið er með samning við Attentus um mannauðsstjóra að láni.

Sveitarstjórnir - verkefni og skyldur

Sveitarstjórn sveitarfélagsins vinnur eftir sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Upplýsingagjöf

Sveitarfélagið vinnur eftir upplýsingalögum nr. 140/2012. Vefsíða sveitarfélagsins er mikilvægur hlekkur í upplýsingagjöf sveitarfélagsins og eru allar helstu upplýsingar að finna þar. Eins er stefna sveitarfélagsins að vakandi fyrir stafrænum skrefum í aukinni þjónustu við íbúa sem er til hagsbóta fyrir alla íbúa sveitarfélagsins óháð búsetu. Varðandi beiðni á grundvelli upplýsingalaga er hægt að beina öllum slíkum beiðnum til skrifstofu Þingeyjarsveitar þar sem beiðni er tekin til meðferðar.



Útboð opinberra framkvæmda og innkaupa

Sviðsstjórar sjá um útboð opinberra framkvæmda og innkaupa fyrir sveitarfélagið. Unnið er eftir innkaupareglum og innkaupastefnu sveitarfélagsins Farið er eftir lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og innkaupareglum sveitarfélagsins. Eins er sveitarfélagið aðili að rammásamningi

Varðveisla skjala

Þingeyjarsveit fer eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Samstarf er við Héraðsskjalasafn Þingeyinga um varðveislu skjala.

Lögheimil verkefni

Almennar íbúðir

Þingeyjarveit stofnaði Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar hses. sem hefur stuðlað að byggingu almennra íbúða á Stórutjörnum, Laugum og Reykjahlíð.

Bann/takmörkun gæludýra- og húsdýrahalds

Sveitarstjórn setur samþykkt um hunda- og kattahald sem og búfjárhald í sveitarfélaginu.

Félagsheimili

Sveitarfélagið rekur fjögur félagsheimili; Skjólbrekkur, Þinghúsið á Breiðumýri, Ýdali og Ljósveitningabúð.

Hafnir

Sveitarstjórn sinnir hlutverki hafnarnefndar fyrir höfnina í Flatey á Skjálfanda.

Héraðsskjalasöfn

Þingeyjarsveit kemur að rekstri Héraðsskjalasafns Þingeyinga í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Hitaveitur

Þingeyjarsveit rekur hitaveitur í Reykjahlíð, Laugum og að Stórutjörnum.

Leiklistarmál

Þingeyjarsveit styrkir leikfélög og önnur félög sem setja upp sýningar í Þingeyjarsveit, ýmis beint (fjárstyrkur) eða óbeint (t.d. aðgengi að sýningarhúsnæði).

Lögreglusamþykktir

Þingeyjarsveit er með eigin lögreglusamþykkt **nr. xxx/2024**

Náttúrustofur

Þingeyjarsveit kemur að rekstri Náttúrustofu Norðausturlands.



Valkvæð verkefni

Pekkinganet Pingeyinga

Pingeyjarsveit er í samstarfi við Þekkingarnet Pingeyinga sem er símenntunarmiðstöð sem vinnur í Pingeyjarsýslum.

Göngu- og hjólastígar

Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs hefur umsjón með gerð göngu- og hjólastíga. Farið er eftir framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Gjaldfrjálsar máltíðir í leikskólum

Í Pingeyjarsveit eru gjaldfrjálsar máltíðir í leik- og grunnskólum.

Heimreiðamokstur

Pingeyjarsveit sinnir mokstri heimreiða á lögbýlum samkvæmt reglum þar um.

Heilsurækt

Pingeyjarsveit rekur heilsuræktarstöð í íþróttamiðstöðinni í Reykjahlíð og á Laugum í samstarfi við Framhaldskólann á Laugum.

Björgunarsveitir

Pingeyjarsveit styrkir björgunarsveitir í sveitarfélaginu.

Græn skref

Pingeyjarsveit tekur þátt í Grænum skrefum SSNE. Byrjað er að vinna eftir Grænum skrefum á skrifstofu sveitarfélagsins.

Gígur skrifstofusetur

Pingeyjarsveit kemur að rekstri skrifstofuseturs í Gíg Mývatnssveit, einnig er skrifstofusetur í Pingey stjórnsýsluhúsi Pingeyjarsveitar.

Ýmsir aðrir styrkir

Má þar nefna frístundastyrki barna og ungmenna, styrki til íþróttar og æskulýðsmála, styrki til menningarverkefna og styrki gegnum samstarfssamninga s.s. Hulda náttúruhugvísindasetur og fl.

Tjaldsvæði

Pingeyjarsveit gerir samning við rekstraraðila tjaldsvæðis á Laugum um aðstöðuhús í eigu sveitarfélagsins.



Eignarhlutir í félögum

Sveitarfélagið á eignarhlut í eftirtöldum félögum:

9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Atvinnuefning Þingeyjarsveitar ehf.	100,0%	-	57.429	0
Bárðarborg ehf.	24,8%	24,8%	2.000	2.000
Buski ehf.	0,0%	15,6%	0	285
Grand hótel Mývatn ehf.	2,2%	2,2%	3.317	3.317
Greið leið ehf.	12,7%	12,7%	47.311	47.311
Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hf.	0,0%	0,4%	0	394
Hrafnabjargavirkjun hf.	0,0%	2,5%	0	870
lðnbær ehf.	0,0%	38,9%	0	475
Kjarni ehf.	1,1%	34,9%	50	1.625
Landskerfi bókasafna hf.	0,1%	0,1%	323	323
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	0,5%	0,5%	48.635	48.635
Leigufélag Hvamms ehf.	6,6%	22,8%	8.925	10.540
Leigubúðir Þingeyjarsveitar hses.	-	-	25.556	25.556
Matarskemman ehf.	0,0%	33,3%	0	2.000
Mýsköpun ehf.	23,8%	23,8%	3.000	3.000
Mývatnsstofa ehf.	12,5%	20,6%	3.080	5.080
Norðurorka hf.	0,2%	0,2%	10.000	10.000
Sparisjóður Suður-Þingeyinga ses.	2,9%	2,9%	5.082	5.082
Tjarnir hf.	22,4%	60,4%	6.500	18.375
Tröllasteinn ehf.	0,0%	23,9%	0	4.460
Þurkur ehf.	0,0%	13,2%	0	1.000
			221.208	190.328

Endurskoðun

Stefna þessi er endurskoðuð að lágmarki á hverju ári samhliða fjárhagsáætlun skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Stefna þessi er fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi.